

Kristján Hreinsson fararstjóri í gönguverkefningu Komdu út í íslenska sumarið 2020



Kristján Hreinsson er alinn upp á Hríshóli í Eyjafjarðarsveit. Hann sleit barnsskónum í sveitinni. Kristján er alvanur fjallgöngum en lengst af fór hann nú bara á fjöll til að elta sauðfé.

Eftir að hann rakst á Önnu Sigrúnu á Hvannadalshnúk fyrir 12 árum þá hefur hann nú dregið úr því að elta sauðfé og fylgir henni frekar á fjöll. Hann hafði nú samt stundum á orði í þeirra fyrstu fjallgöngum að hann sæi ekki alveg tilganginn með að labba á fjöll þegar engar væru nú kindurnar. En það þurfti ekki margar ferðir til að hann sæi tilganginn með fjallgöngunum.

Kristján er viðskiptafræðingur og vinnur á bókhaldsstofunni Grófargili.

Uppáhalds útivistarsvæði Kristjáns:
Sölvadalur